



TILKYNNING UM KEPPNI FAXAFLÓAMÓT 2023*

1. Reglur

- 1.1. Keppt verður samkvæmt reglum sem tilgreindar eru í Alþjóða kappsiglingareglum 2021-2024
- 1.2. Einnig gilda Kappsiglingafyrirmæli SÍL.
- 1.3. Einnig gilda reglur IRC.
- 1.4. Keppnin verður ekki haldin ef keppnisstjórn hefur ekki yfirsjón yfir keppnissvæðið vegna skerðingar á skyggni.
- 1.5. Þegar regla 20 gildir, má bátur gefa til kynna þörf fyrir rúm til að staggvenda t.d. með kalli eða bendingum.
- 1.6. Mótið fellur niður ef fjórir bátar eða færri eru skráðir kl. 23:00 20. júní 2023.

2. Keppnisfyrirmæli

- 2.1. Kappsiglingafyrirmæli eru afhent á skipstjórafundum og á FB síðu félagsins á <https://www.facebook.com/siglingafelagreykjavikur>
- 2.2. Siglingafyrirmælin eru samkvæmt leiðbeiningum í RRS Viðauka S/ sjá þýðingu SÍL af sniðmáti á heimasíðu SÍL.

3. Samskipti

- 3.1. Keppnisstjórn birtir upplýsingar á Facebook síðu Brokeyjar, <https://www.facebook.com/siglingafelagreykjavikur>
- 3.2. Keppnisstjórn notar rás 6 fyrir öll samskipti.
- 3.3. Á meðan á keppni stendur (tekur gildi við fyrsta viðvörunarflaut) mega keppendur ekki nota talstöðvar eða önnur samskiptatæki nema í neyðartilvikum og ef allir keppendur fá sömu upplýsingar. Þessi takmörkun gildir einnig um farsíma.

4. Hlutgengi, skráning og þátttaka

- 4.1. Mótið er opið öllum kjölbátum og dagbátum í forgjafakeppni og skal bátur hafa gilt IRC forgjafaskírteini samþykkt af SÍL.
- 4.2. Áhafnameðlimur verður að vera fullgildur félagi í siglingafélagi skv. móta- og keppnisreglum SÍL við skráningu á mótið.
- 4.3. Keppt er í opnum flokki kjölbáta með IRC forgjöf.

- 4.4. Hlutgenga báta má skrá með því að senda upplýsingar um nafn báts, forgjöf, tryggingafélag, nafn skipstjóra og áhafnarmeðlimi til brokey@brokey.is, fyrir kl.: **23:00 þann 20. júní 2023**. Afrit af gildu forgjafarskírteini skal senda rafrænt með skráningarpóstinum.
- 4.5. Skráning að fresti liðnum er heimiluð fram að skipstjórafundi, gegn 100% álagi.
- 4.6. Skráning telst ekki gild fyrir en öllum skráningarskilyrðum er fullnægt og þáttökugjald hefur verið greitt.
- 4.7. Áhafnarlista má breyta allt fram að skipstjórafundi.

5. Þáttökugjald

- 5.1. Áskilin gjöld eru eftirfarandi: Þáttökugjald á hvern áhafnarmeðlim er kr. 5.000.
- 5.2. Þáttökugjald skal greitt á <https://www.sportabler.com/shop/brokey>.
- 5.3. Við greiðslu þáttökugjalds skal taka fram nafn báts sem keppt er á.
- 5.4. Þáttökugjald er kr. 10.000 eftir skráningarfrestur er liðinn.
- 5.5. Önnur gjöld: Boðið verður upp á veitingar á Akranesi en greitt er fyrir þær sérstaklega.

6. Takmarkanir um áhöfn

- 6.1. Eftirfarandi takmarkanir gilda um fjölda í áhöfn: Fjöldi áhafnarmeðlima er samkvæmt reglum IRC og forgjafarskírteinis.
- 6.2. Heimilt er að skrá varamenn í áhöfn, greitt er fyrir hámarksfjölda keppenda á bát. Ekki er greitt sérstaklega fyrir varamenn.

7. Auglýsingar

- 7.1. Bátar gætu þurft að sýna auglýsingar sem skipuleggjendur velja og láta í té.
- 7.2. Skipuleggjendur geta skaffað fatnað með auglýsingum sem keppendur skulu bera eins og heimilað er í auglýsingareglum World Sailing.

8. Spretturinn

- 8.1. Á mótinu verður keppt í *Sprettinum*, þ.e. siglingu frá Reykjavíkur til Akraness og veitt eru sér verðlaun fyrir þá keppni. Hún telst samt sem áður í stigakerfi mótsins.

9. Tímaáætlun

- 9.1. Skráningu skal í síðasta lagi lokið fyrir skipstjórafund, sbr. gr. 4.5.
- 9.2. Mælingar og skoðun fara fram strax að loknum skipstjórafundi ef keppnisstjóri óskar eftir því.
- 9.3. Keppnis dagar / dagskrá:
 - Föstudagur, 23. júní, skipstjórafundur kl. 17:00.
Áætluð ræsing kl. 18:00. Keppt er í svokölluðum *Spretti* frá Reykjavík til Akraness.
 - Laugardagur, 24. júní, skipstjórafundur kl. 11:00
Tvær keppnir fyrir utan Akranes. Áætluð ræsing kl. 12:00
Keppt á leiðinni frá Akranesi til Reykjavíkur. Áætluð ræsing kl. 16:30
Ekki verður ræst eftir kl. 17 þann dag.
 - Sunnudagur, 25. júní, er varadagur.

- 9.4. Fjöldi keppna eru áætlaðar fjórar.
- 9.5. Viðvörðunarkerki:
 - 23. júní, fyrsta viðvörðunarkerki er áætlað kl. 17:55
 - 24. júní, fyrsta viðvörðunarkerki er áætlað kl. 11:55Á síðasta áætlaða keppnisdegi verður ekki gefið viðvörðunarkerki eftir klukkan kl. 20:00
- 9.6. Keppni er ekki ræst ef vindstyrkur er undir 2m/s eða yfir 10m/s að jafnaði í brautinni.

10. Mælingar og skoðun

- 10.1. Leggja skal fram gilt forgjafarskírteini fyrir hvern bát við skráningu, sbr. gr. 4.4.
- 10.2. Mælingar og skoðun fara fram strax að loknum skipstjórafundi ef keppnisstjóri óskar eftir því.
- 10.3. Komi í ljós við mælingu og skoðun að skráning í forgjafarskírteini sé röng er óheimil þátttaka á bátnum.

11. Stigagjöf

- 11.1. Notað er lágstigakerfi skv. A4.1 í viðauka A
- 11.2. Mótið telst gilt þó aðeins takist að sigla tvær keppnir.
- 11.3. Þegar færri en 4 keppnum hefur verið lokið telst samanlögð stigatala úr keppnunum sem heildarstigatala í mótinu.

12. Bryggjupláss

- 12.1. Brokey útvegar viðlegupláss fyrir þátttakendur frá þriðjudeginum 20. júní til þriðjudagsins 27. júní við Ingólfsгарð. Það þýðir ekki að lofað sé stæði með útleggjurum.
- 12.2. Beiðnir um viðlegupláss skal senda til stjórnar Brokeyjar á brokey@brokey.is.
- 12.3. Upplýsingar um viðlegupláss á Akranesi verða veittar á skipstjórafundi.

13. Takmarkanir á að bátar séu teknir á land

- 13.1. Kjölbátar skulu ekki teknir á land á meðan mótið stendur yfir nema að fengnu skriflegu leyfi keppnisstjórnar og í samræmi við þá skilmála sem þar eru tilgreindir.

14. Köfunarbúnaður og plastlaugar

- 14.1. Ekki skal nota öndunarbúnað til notkunar neðansjávar og plastlaugar eða samsvarandi búnað við kjölbáta frá því undirbúningsmerki fyrir fyrstu keppni er gefið og þar til móti lýkur.
- 14.2. Óheimilt er að þvo kjölbáta undir vatnslínu á keppnistíma.

15. Persónuvernd

- 15.1. Með skráningu í keppni heimila þátttakendur myndbirtingar á vegum keppnishaldara og SÍL ásamt birtingu úrslita.

16. Takmörkun ábyrgðar

- 16.1. Keppendur sem taka þátt í mótinu gera það á eigin ábyrgð. Skipuleggjendur firra sig allri ábyrgð vegna skemmda, líkamstjóns eða dauðsfalla í tengslum við eða fyrir eða eftir keppni eða á meðan keppni stendur án tillits til orsakatengsla.

17. Tryggingar

- 17.1. Hver bátur skal vera tryggður og með gildri ábyrgðartryggingu sem bætir tjón sem kann að eiga sér stað.

18. Verðlaun

- 18.1. Veitt verða verðlaun fyrir fyrstu þrjú sætin í heildarstigakerfi mótsins.
18.2. Veitt verða verðlaun fyrir fyrsta sætið í *Sprettinum* Reykjavík - Akranes.
18.3. Verðlaunaafhending hefst að lokinni keppni til Reykjavíkur.

19. Frekari upplýsingar

- 19.1. Frekari upplýsingar veitir Mótanefnd Brokeyjar og/eða stjórn Brokeyjar.

Reykjavík, 24. maí 2023

*Keppnisreglur þessar eru birtar af stjórn Brokeyjar og Mótanefnd Brokeyjar með fyrirvara um breytingar sem kunna að vera nauðsynlegar á skipulagi mótsins.